

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag við Ásabraut, Grindavík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Grindavíkur þann 10. desember 2003 samþykkt deiliskipulag við Ásabraut í Grindavík.

Deiliskipulagið tekur til svæðis, norðan við enda Ásabrautar og gerir ráð fyrir tveimur fjölbýlishúsalóðum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Grindavíkurbæ, 9. janúar 2004.*

F.h. sveitarstjórnar,

**Ólafur Örn Ólafsson** bæjarstjóri.